



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 35. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 1. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 14. JANÚAR 2021

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 14. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **1. Covid-19: Staða, horfur og viðbrögð.**

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, stöðuskýrslur frá Félagsmálaráðuneytinu um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19, drög að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna áhrifa kórónaveirufaraldursins á sveitarfélög, upplýsingar um staðgreiðslutölur, tillögur velferðarvaktarinnar til ríkisins um mótvægisáðgerðir og upplýsingar um aukaframlög frá Jöfnunarsjóði.

Oddviti og sveitarstjóri fóru almennt yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi, áhrifin á samfélagið og verkefni næstu vikna og mánaða í því sambandi.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja til næstu 6 mánaða úrræði til þeirra fyrirtækja og íbúa sem óska eftir frestun á gjalddögum fasteigna- og fasteignatengdra gjalda og hitaveitugjöldum sem hafa orðið fyrir verulegum áhrifum vegna Covid-19.

##### **2. Grænna Land: Framlenging á samningi um garða- og sláttuþjónustu.**

Oddviti kynnti framlengingu á samningi um garða- og sláttuþjónustu við Grænna land ehf um tvö ár skv. heimildarákvæði núgildandi samnings. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninginn um tvö ár og felur sveitarstjóra að undirrita hann í samræmi við umræður varðandi mögulegar breytingar/uppfærslu á verkáætlun.

##### **3. Veitustjóri og forstöðumaður áhaldahúss: Starfslýsing og ráðningarsamningur.**

Oddviti kynnti starfslýsingu og ráðningarsamning við veitustjóra og forstöðumann áhaldahúss. Sveitarstjórn samþykkir starfslýsinguna og ráðningarsamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

##### **4. Samtök grænkeru. Áskorun varðandi framboð grænkerafæðis í skólum.**

Oddviti kynnti áskorun frá Samtökum grænkeru um meira framboð grænkerafæðis í skólum. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til skólanefndar.

##### **5. Vinnuhópur um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Uppsveitum.**

Oddviti kynnti erindi sem sent var áhugasömum sveitarfélögum í Uppsveitum um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Uppsveitum með beiðni um að sveitarfélögin tilnefni fulltrúa í vinnuhóp sem vinni að þessu markmiði. Sveitarstjórn skipar þau Halldóru Hjörleifsdóttur, oddvita og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóra í vinnuhópinn.

##### **6. Sonus: Samstarfssamningur vegna bæjar- og fjölskylduhátíðar.**

Oddviti kynnti drög að samstarfssamningi við Sonus viðburðir ehf um samstarf vegna bæjar- og fjölskylduhátíðar á Flúðum um verslunarmannahelgina. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

##### **7. Vegagerðin: Samningur um kostnaðarskiptingu við hringtorg og tengdra framkvæmda á Flúðum.**

Oddviti kynnti samning um kostnaðarskiptingu milli Vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps vegna hringtorgs og tengdra framkvæmda í miðbæ Flúða. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

**8. Samningar um refa- og minkaveiðar.**

Oddviti kynnti drög að samningum um refa- og minkaveiði fyrir árið 2021 við veiðimenn sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra að ganga frá samningunum.

**9. Bergrisinn: Viðaukasamningur um þjónustu við einstakling.**

Oddviti kynnti beiðni Bergrisans bs. um gerð viðaukasamnings um þjónustu við einstakling með sértækar þjónustubarfir og lán til uppbyggingar á sértæku húsnæði á Sólheimum. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**10. Samband íslenskra sveitarfélaga: Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um lokaskýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning. Sveitarstjórn tekur undir að það sé til einföldunar að kerfið sé á hendi eins aðila og samþætting húsnæðisbóta ætti að vera á hendi ríkisins.

**11. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.

Bókun frá Halldóru Hjörleifsdóttur og Kolbrúnu Haraldsdóttur:

Við viljum ítreka fyrri bókanir sem við höfum sett fram um málið og tökum jafnframt undir umsögn umhverfisnefndar Hrunamannahrepps en þau bókðu eftirfarandi.

„Umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.

Tilgangur með stofnun Hálendisþjóðgarðs er í grunninn góður, sem byggir á hugmynd um að vernda og bæta miðhálandi Íslands og fá fram heildarsýn yfir landsvæðið. Hins vegar er mörgu ábótavant í frumvarpinu og ekki hægt að styðja það að svo stöddu án breytinga.

Nauðsynlegt er að fá fram, áður en frumvarpið verður samþykkt, hvernig flokkun friðlýsingar (IUCN) er um að ræða innan þjóðgarðsins.

Tryggja þarf að hægt sé að fara í nauðsynlegar framkvæmdir innan garðsins og nýta efni innan svæðis sé þess kostur samanber bætingu vegakerfis. Í 13. gr frumvarpsins er nauðsynlegt að umdæmisráðin komi að ráðningu þjóðgarðsvarðar innan síns umdæmis þar sem þjóðgarðsvörður er nánasti starfsmaður ráðsins.

Tryggt verði að gjaldtöku innan þjóðgarðsins verði stillt í hóf. Að tryggt sé að gildandi samningar sem eru nú þegar í gildi innan svæðisins, sem Hálendisþjóðgarður mun marka, haldi sér.

Að allir virkjanakostir, sem eru í bið- og nýtingarflokki, sama hvort þeir séu innan jaðarsvæða eða ekki, fái sitt lögformlega ferli sem rammaáætlun segir til um, enda erfitt að spá hver orkupörf verður í framtíðinni. Í þessu samhengi er rétt að benda á að orkuskipti í samgöngum krefjast mikillar orku og þarf að virkja í sátt við náttúruna. Virkjun og náttúruvernd geta farið saman. Kostnaður vegna nefndafólks, stjórnar og yfirstjórnar verður hlutfallslega hár miðað við fjárförf þjóðgarðsins í heild.

Tryggja þarf skýrt og fyrirsjáanlegt ferli varðandi leyfisveitingar hverju sinni. Leyft sé að nota flygildi innan garðsins nema sérstaklega sé kveðið á um annað en ekki öfugt.

Heimila þyrllu- og flugvélalendingar utan flugvallasvæða án leyfis þjóðgarðsvarðar ef um er að ræða björgunar- og neyðarstarf.

Tryggja þarf að höfuðstöðvar þjóðgarðsins séu einhvers staðar innan sveitarfélaganna sem falla undir Hálendisþjóðgarð.

Tryggja skal að stjórnarskrár varin réttindi haldi sér.“

Bókun frá Bjarneyju Vignisdóttur, Jóni Bjarnasyni og Sigurði Sigurjónssyni:

Við viljum ítreka fyrri bókanir sem við höfum sett fram um málið og tökum jafnframt undir umsögn umhverfisnefndar Hrunamannahrepps.

Afstaða okkar er skýr, við leggjumst gegn frumvarpi umhverfisráðherra um Hálendisþjóðgarð. Skipulagsskylda hálendisins er í höndum sveitarfélaga og farið eftir skipulagslögum, þjóðlendulögum og landskipulagsstefnu við gerð aðalskipulags og svæðisskipulaga ef þau eru fyrir hendi. Árið 1998 voru sett lög um þjóðlendir sem er samstarf forsætisráðuneytis og sveitarfélaga. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem

og forsætisráðuneytisins. Nú ríkir loksins orðið sátt með þetta fyrirkomulag og því einfaldlega rangt að halda því fram að á svæðinu ríki reiðuleysi eða meingölluð stjórnýsla

Málið hefur ekki unnist með réttum hætti og alls ekki í sátt við sveitarfélög og alla þá fjölmörgu hópa sem sýnt hafa hálendinu áhuga með viðkomu, uppbyggingu, eða allri þeirri starfsemi sem nú er viðhöfð. Að vinna eigi málið á þessum hraða í gegnum þing og þjóð þegar málið hefur aldrei fengið þinglega meðferð og því hefur Alþingi aldrei lagt línurnar um hvernig fyrirhugaður þjóðgarður ætti að taka mið af. Í raun var settur saman hópur sem átti að meta og greina tækifæri í fyrirhuguðum þjóðgarði. Ekki hverjir ókostirnir væru, ekki hvað mun glatast eingöngu tækifærin. Ráðherra hefur vissulega fundað með fulltrúum sveitarfélaga en lítið sem ekkert hlustað á athugasemdir þeirra. Það samráð sem ráðherra hefur sýnt við málið hefur því mistekist og því miður hefur ráðherra aukið ágreining milli aðila. Hraði málsins og aðferðafræði við málið á vegum hins opinbera er fordæmalaus.

Mikið hefur ráðherrann talað um að komið hafi á móts við sveitarfélög hvað varðar skipulagsskylduna, rétt er að breyting hefur orðið á hvað varðar stjórnunar og verndaráætlanir og eru þær ekki bindandi fyrir sveitarfélög eins og var í upphaflegu frumvarpi. Hins vegar er 16. grein frumvarpsins nokkuð augljós hvað þetta varðar. Í henni stendur um réttaráhrif stjórnunar og verndaráætlana að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um réttaráhrif stjórnunar og verndaráætlanna. Með öðrum orðum getur hann með einfaldri reglugerðarbreytingu afmarkað nánar að stjórnunar og verndaráætlanir verði bindandi fyrir sveitarfélög. Einnig kemur fram að mannvirkjagerð eða hverskonar jarðrask innan Hálendisþjóðgarðs er óframkvæmanlegt ef ekki er gert ráð fyrir þeim í stjórnunar og verndaráætlunum. Ef lítið er á 17. grein laganna þá er óframkvæmanlegt fyrir sveitarfélagið að ráðast í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun eða með höfðu samráði og samþykki garðsins. Með öðrum orðum má sveitarfélagið ekki gera neitt sem umdæmisráði í þjóðgarðinum hugnast ekki, reyndar miðað við þá stjórnýslu sem lagt er upp með getur stjórn garðsins breytt áætlunum umdæmisráða og síðast en ekki síst getur ráðherra breytt áætlunum stjórnar þjóðgarðsins.

Við umfjöllun málsins hefur oft verið rætt um gestastofur og störf í dreifbýli, ekkert er því til fyrirstöðu í núverandi stjórnýslu að byggja gestastofur og ráða fólk á svæðið án tilkomu þjóðgarðs. Þá í samráði og sátt viðkomandi sveitarfélags eða einkaaðila. Við bendum á Gullfoss kaffi þar sem einkaaðili rekur í raun gestastofu með myndarlegum hætti og skilar arði til samfélagsins í formi skatta. Engin greining um náttúrverndargildi eða heildarhagsmuni svæðisins hefur verið gerð t.d. mat á hagsmunum þeirra sem nýta svæðið eða þeim sem munu hugsanlega nýta svæðið í framtíðinni. Þeirri spurningu um hvað sé að núverandi kerfi hefur ekki verið svarað. Margt þarf að skoða þegar svo stór ákvörðun eins og stofnun Hálendisþjóðgarðs er tekin enda um að ræða framtíð stórs hluta landsins.

Ef frumvarpið nær fram að ganga mun það hafa neikvæð áhrif að okkar mati á kraft og dugnað þeirra hópa sem hafa með myndarlegum hætti gert kraftaverk í þágu svæðisins t.d. með landgræðslu, uppbyggingu vega og húsa ásamt því að varðveita sögu hálendisins. Það mun að öllum líkindum gerast með flóknari stjórnýslu. En þetta atriði er eitt af þeim fjölmörgu sem ekki hefur verið metið. Við sem kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins getum ekki sæst á það að færa frá okkur þá skipulagsskyldu sem við höfum sannarlega sinnt inn á afrétti okkar til frjálsra félagasamtaka og embættismanna. Samstarf milli félagasamtaka og sveitarfélagsins hefur verið virkilega gott og oft á tíðum fulltrúar félagasamtaka sem sitja í stjórnnum og ráðum sveitarfélaga með lýðræðislegum hætti.

Við teljum að vinna við svona stórt mál þurfi lengri tíma og vinnast í miklu meiri sátt við sveitarfélögin og þá hópa samfélagsins sem hafa mikið til málanna að leggja. Við bendum svo á að 1 gr. laga um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er kveðið á að leita skal samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar fyrir friðlýsingu landsvæðis í sveitarfélaginu. Þetta er hvergi að finna í lögum um fyrirhugaðan Hálendisþjóðgarð. Stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands á alls ekki að vera lögbunduð aðgerð.

12. **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningalög.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um kosningalög.
13. **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu.
14. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
15. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um barna- og fjölskyldustofu.
16. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

17. **Skólanefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 22. desember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 22. desember s.l. Farið var yfir starfsmannamál, breytingu á skóladagatali og styttingu vinnuvikunnar þar sem lagt var til að mæta henni með styttingu á opnun leikskólans á föstudögum um eina klukkustund.  
Sveitarstjórn samþykkir að bæta við 75% stöðuhlutfalli í fimm mánuði til að mæta auknum barnafjölda í febrúar. Viðbótarkostnaður verður um 2 millj. sem mætt verður með lækkun á handbæru fé. Þá er samþykkt breyting á skóladagatali og staðfest útfærsla á styttingu vinnuvikunnar.
18. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 7. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar umhverfisnefndar frá 7. janúar s.l. Farið var yfir umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, umsögn um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu og rætt um sameiginlegt sorphirðuútboð Uppsveita. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
19. **Veitustjórn: Fundargerð 24. fundar nefndarinnar frá 14. desember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 24. fundar frá 14. desember s.l. Farið var yfir útboð á lagnaefni fyrir Hitaveitu Flúða vegna lagningar á hitaveitu frá Kópsvatnsholu að Flúðum og lagt fram erindi frá Flúðaorku um áframhaldandi samstarf. Fjallað var um minnisblað og frumkostnaðaráætlun vegna hugmynda um sameiginlega vatnsveitu í Uppsveitum og starfslýsingu og ráðningarsamning veitustjóra og forstöðumann áhaldahúss. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í áframhaldandi hönnun og útfærslu á sameiginlegri vatnsveitu í Uppsveitum en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
20. **Veitustjórn: Fundargerð 25. fundar nefndarinnar frá 11. janúar.**  
Oddviti kynnti fundargerð 25. fundar frá 11. janúar s.l. Farið var yfir málefni Kópsvatnsholunnar en á fundinn mættu forsvarsmenn Flúðaorku og Varmaorku og fóru yfir málin og veitustjórn samþykkti að láta vinna að drögum að viðauka við núverandi samninga milli aðila um nýtingu Kópsvatnsholunnar. Þá var farið yfir niðurstöðu útboðs á lagnaefni fyrir Hitaveitu Flúða vegna lagningar á hitaveitu frá Kópsvatnsholu að Flúðum þar sem Set var lægstbjóðandi. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun veitustjórnar um kaup á lagnaefni en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**21. Fundargerð 208. fundar skipulagsnefndar frá 22. desember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. desember og 6. janúar s.l.**

**Mál nr. 13. Tillaga að viðaukum við Landskipulagsstefnu.**

Lögð er fram tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar. Í viðaukanum er fjallað um: Skipulag á haf- og strandsvæðum, loftlagsmiðað skipulag, staðarmótun og landslagsvernd, heilsuvæna byggð og landnotkun.

Skipulagsnefnd UTU telur að flest þeirra markmiða sem koma fram innan viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 séu jákvæð fyrir skipulagsgerð í þétt- og dreifbýli á Íslandi til framtíðar. Nefndin bendir þó á að ákveðin markmið stefnunnar geti haft veruleg áhrif á uppbyggingu í dreifbýli sé horft til þess að aðal áhersla uppbyggingar skuli beinast að þegar byggðum svæðum. Telur nefndin að byggð í dreifbýli þurfi að geta þróast á jákvæðan hátt m.t.t. viðkomandi markmiða um orkuskipti í samgöngum, áherslum á vistvæna mannvirkjagerð og staðarmótun og landslagsvernd. Samhliða hafa íbúar í dreifbýli meiri möguleika á því að vinna heima en áður með ljósleiðaravæðingu svæða sem helst í hendur við breytingar á vinnumarkaði samhliða fjórðu iðnbyltingunni. Það minnkar þörf fólks á að þurfa að sækja vinnu um langan veg þar sem aukning verður á atvinnutækifærum óháð staðsetningu. Í dreifbýli hafa íbúar meiri möguleika á að auka sjálfbærni með eigin ræktun og hafa að auki góðan aðgang að náttúrulegum svæðum sem gefur meiri möguleika á andlegri endurheimt og tækifærum til að ná fram lýðheilsu markmiðum utan vinnutíma. Hóflæg dreifð uppbygging byggðar með þessum áherslum án þess að um eiginlegan búskap sé að ræða getur því talist jákvæð þróun til framtíðar að mati nefndarinnar með fyrirvara um að svæðin séu í góðri tengingu við helstu þjónustu innan sveitarfélagsins. Nefndin telur að skoða þurfi stefnumörkun er varðar óbyggð víðerni með ítarlegri hætti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir þær athugasemdir og ábendingar sem nefndin leggur til.

**Mál nr. 16. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. desember s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. desember.

**22. Fundargerð 209. fundar skipulagsnefndar frá 13. janúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. janúar s.l.**

**Mál nr. 4. Miðdalur: Skilmálabreyting vegna aðalskipulags.**

Lögð er fram umsókn Landforms ehf. f.h. Grafíu er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst endurbót á reglum er varðar hámarks byggingarmagn innan frístundalóða sem falla utan þess að vera á bilinu 5-10.000 fm. að stærð. Í tillögunni felst að breyting er gerð á lið 2.3.2 frístundabyggð innan aðalskipulags þar sem segir m.a.

"Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 0.5 - 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05."

Verður eftir breytingu:

"Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 5000 - 10.000 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall ekki hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir þó verið minni eða stærri og fer þá hámarks byggingarmagn eftir töflu x.x. Falli lóðarstærð á milli flokka reiknast byggingarheimild hlutfallslega jafnt m.v. lóðarstærð."

Bætt er við töflu:

Stærð lóða Hámarks byggingarmagn

200 - 1000 m<sup>2</sup> 75 m<sup>2</sup>

2000 - 3000 m<sup>2</sup> 100 m<sup>2</sup>

3500 - 5000 m<sup>2</sup> 150 m<sup>2</sup>

5000 - 10.000 m<sup>2</sup> Nh.0,03

10.000 -> 10.000 m<sup>2</sup> 400 m<sup>2</sup>

Skipulagsnefnd UTU vísar málinu til yfirferðar sveitarstjórnar þar sem umsótt breyting hefur stefnumarkandi áhrif á aðalskipulag sveitarfélagsins. Skipulagnefnd mælist til þess að öll aðildarsveitarfélög UTU fjalli um framlagða skilmála er varðar byggingarheimildir innan frístundasvæða.

Sveitarstjórn felur oddvita að skoða málið frekar.

**Mál nr. 14. Klufftir: Efnistaka. Framkvæmdaleyfi.**

Lögð er fram umsókn frá Jóhönnu Fríðu Róbertsdóttur um framkvæmdaleyfi. Í framkvæmdinni felst efnistaka úr landi Kluffta í Hrunamannahreppi námu E5. Stærð efnistökusvæðis verður allt að 2.500 fm, ummál 50 x 50 m og 3 m djúpt. Óskað er eftir heimild fyrir efnistöku að 5.000 m<sup>3</sup> af mól sem verður notuð til vegagerðar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að umsókn framkvæmdaleyfis verði synjað þar sem svæðið er ekki innan skilgreinds efnistökusvæðis E5 innan aðalskipulags.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu aftur til skipulagsnefndar til skoðunar á því hvort erindið geti fallið undir minniháttar efnistöku eiganda innan jarðar.

**Mál nr. 15. Birkibýggð 4, Gröf. Göngustígur. Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn frá SIAL ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Birkibýggðar í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindur er göngustígur um lóð 4 innan Birkibýggðar. Óskað er eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

**Mál nr. 16. Álftabyggð, Efra-Sel. Göngustígur. Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn frá Unnsteini Loga Eggertssyni og Halldóru Halldórsdóttur er varðar breytingu á deiliskipulagi Álftabyggðar í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindur er göngustígur um opið svæði innan deiliskipulagsins. Óskað er eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

**Mál nr. 18. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. janúar s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. janúar.

**23. UTU bs.: Fundargerð 82. fundar stjórnar frá 9. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 82. fundar stjórnar UTU bs. frá 9. desember s.l. Þar var farið yfir undirbúning fyrirhugaðs ársfundar, fjallað um húsnæðismál UTU, ársreikning 2020 og rekstur UTU. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**24. Oddvitanefnd Uppsveita Árneshéraðs: Fundargerð nefndarinnar vegna Laugaráslæknishéraðs frá 23. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð oddvita Uppsveita frá 23. september s.l. Farið var yfir ársreikning 2019 og athugasemdir Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins við samning um umsjón jarðarinnar Laugarás. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**25. NOS: Fundargerð stjórnar frá 5. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð NOS frá 5. janúar s.l. Farið var yfir útfærslu á styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki skóla- og velferðarþjónustunnar og starfsmannamál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Bergisinn bs. Fundargerð 24. fundar stjórnar frá 9. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Bergisinn bs. Fundargerð 25. fundar stjórnar frá 14. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. SASS: Fundargerð 565. fundar stjórnar frá 4. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- d. **SASS: Fundargerð aðalfundar frá 29. og 30. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. **Byggðarsafn Árnesinga: Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 15. desember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- f. **Byggðarsafn Árnesinga: Fundargerð 9. fundar byggingarnefndar frá 15. desember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- g. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um drög að viðbótum við landskipulagsstefnu 2015-2026.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. **Umhverfisstofnun: Tillaga að auglýsingu um verndarsvæði jarðvarma í Kerlingarfjöllum vegna verndarflokkunar í verndar- og orkunýtingaráætlun.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. **Samgöngu- og sveitarstjórnarmál: Þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 892. fundar stjórnar frá 11. desember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. **Efla: Minnisblað vegna deiliskipulags fyrir fjallaskála á Hrunamannaafretti.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. **Landgræðslan: Upplýsingar um uppgræðslu í samstarfsverkefnum á árinu 2020.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. **UTU: Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar í Efra-Langholti.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:25.